

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna athafnasvæðis og efnistöku í Bakkaföt.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 7. apríl 2026 breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 29. janúar 2026.

Í breytingunni felst að nýtt athafnasvæði AT11 er skilgreint á Bakkaföt skammt sunnan Hrafnagilshverfis. Efnistökusvæði E37 í Eyjafjarðará er einnig bætt við. Landbúnaðarsvæði minnkar sem þessu nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 7. apríl 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 21. apríl 2026